



## Héraðsnefnd Árnésinga bs.

### 23. fundur haldinn í Byggðasafni Árnésinga við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka 25. október 2021

Funarsetning kl. 8:30

Fyrir fundinn var boðið upp á skoðunarferð um ný húsakynnin við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.

#### 1. Setning fundar

Eyþór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árnésinga bs., setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

#### 2. Kosning eins fulltrúa í stjórn vegna forfalla

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu kjörnefndar að breytingum á stjórn:

Þar sem fulltrúi Ölfusinga, Kristín Magnúsdóttir, hefur óskað eftir að hætta sem fulltrúi í Héraðsnefnd og í stjórn Tónlistarskóla Árnésinga gerir kjörnefnd eftirfarandi tillögu að skipan í framkvæmdastjórn og í stjórn Tónlistarskóla Árnésinga.

Í stað Kristínar komi Gestur Þór Kristjánsson, Ölfusi, í framkvæmdastjórn og einnig í stjórn Tónlistarskólans.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Eftirfarandi bókun Héraðsnefndar var lögð fram um kynjahlutföll á listum í stjórnnum eftir komandi sveitarstjórnarkosningar:

*Haustfundur Héraðsnefndar Árnésinga hvetur stjórnmalasamtök sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum árið 2022 til að gæta að jöfnum kynjahlutföllum á listum og í framhaldinu við val fulltrúa í Héraðsnefnd Árnésinga með það að markmiði að sem jafnast hlutfall kynjanna verði í fulltrúaráði, nefndum og stjórnnum Héraðsnefndar.*

### 3. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Eyþór H. Ólafsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar.

Eyþór fór yfir fundargerð vorfundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., frá 18. maí og fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs., nr. 33 frá 7. september, nr. 34 frá 12. október og nr. 35 frá 19. október.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðir og þær samþykktar samhljóða.

Ræddi Eyþór um helstu verkefni sem verið hafa á borði stjórnar frá vorfundi. Áfram hefur verið unnið að ákvörðun um húsnæði fyrir Héraðsskjalasafnið. Einnig hefur verið unnið við að ljúka við framkvæmdir og flutninga við Búðarstíg 22. Viðræður og eftirfylgni vegna skiptingar á Alviðru og Öndverðarness II hafa einnig verið til skoðunar, ásamt mati á valkostum vegna Laxabakka. Stjórn hefur fylgt eftir gerð fjárhagsáætlana fyrir stofnanir og leitað eftir rökstuðningi. Einnig hefur stjórn veitt jákvæða umsögn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna fjölgunar atvinnuréttinda til leigubílaaksturs í Sveitarfélaginu Árborg. Unnið hefur verið að endurskoðun fjallskilasamþykktar austan vatna ásamt endurskoðun á samþykktum og fyrirkomulagi HÁ.

### 4. Byggðasafn Árnesinga – kynning á fjárhagsáætlun 2022

Lýður Pálsson kom inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 21 frá 6. júlí og nr. 22 frá 29. september voru lagðar fram til kynningar. Einnig voru lagðar fram til kynningar fundargerðir byggingarnefndar Byggðasafns Árnesinga, nr. 12 frá 8. júní, nr. 13 frá 6. júlí og nr. 14 frá 29. september.

Lýður fór yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2022 og svaraði fyrirspurnum.

Lýður ræddi um hve vel hafði gengið að flytja yfir í nýja húsnæðið og hversu ánægð þau væru með það. Einnig fór hann yfir sýningarhúsnæði sem eru í boði á vegum Byggðasafns Árnesinga, en gert er ráð fyrir að nýta einnig húsnæði að Búðarstíg 22 undir sýningar. Ræddi hann um aðsókn að safninu sem hefur verið nokkuð góð þrátt fyrir Covid-19. Gert er ráð fyrir aukinni aðsókn á safnið á komandi ári. Sumarsýningin mun heita Hafsjór og munu um 15 erlendir listamenn koma að þeirri sýningu. Stefnt er á að efla enn frekar samskipti við skóla á komandi ári og verður það gert að hluta til í samstarfi við Listasafn Árnesinga. Ætlunin er að sækja um styrki frá Safnasjóði ásamt því að fara í átak í markaðssetningu á safninu. Einnig er mikil vinna í skráningu í Sarpinn. Að lokum sýndi Lýður nýtt merki fyrir safnið.

Til máls tóku auk formanns Árni Eiríksson, Aldís Hafsteinsdóttir og Helgi Kjartansson.

Lagt var til að fjárhagsáætlun fyrir Byggðasafn Árnesinga 2022 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## 5. Brunavarnir Árnessýslu – kynning á fjárhagsáætlun 2022

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, kom inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 18 frá 3. júní og nr. 19. frá 23. september voru lagðar fram til kynningar.

Pétur fór yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2022 og svaraði fyrirspurnum.

Pétur ræddi um fjölgun á íbúum í sýslunni. Miðað við þessa miklu fjölgun og ef tekin eru mið af reglugerðum, þá líður senn að því að það þurfi fullmannað atvinnuslökkvilið á vakt á svæðinu allan sólarhringinn. Mörg sveitarfélög samnýta vakt sjúkraflutninga og brunavarna en þar sem svæðið er stórt og útköll sjúkraflutninga geta tekið mislangan tíma þá er það ekki vænn kostur.

Bílafloti BÁ er nokkuð góður en hann er þó að eldast og notkunin er mikil. Gert er ráð fyrir að endurnýja dælubíl í Hveragerði á komandi ári, stigabíll sem von er á kemur vonandi fljótlega til landsins, tafir hafa verið á afhendingu vegna Covid-19.

BÁ reka sjö slökkvistöðvar og eru tvær þeirra í eigin húsnæði, huga þarf að húsnæði undir aðstöðu slökkviliðsins á Laugarvatni. Ræddi hann um endurnýjun tækja en m.a. þarf að endurnýja reykköfunartæki reglulega.

Brunavarnaáætlunin er útrunnin en verið er að vinna að nýrri og kemur hún til samþykktar fljótlega.

Í júní 2021 voru teknir inn 32 nýir slökkviliðsmenn. Það fylgir ákveðinn kostnaður í fatnaði og öðru þegar að nýir aðilar eru teknir inn en um leið er frábært að sjá þennan mikla áhuga á að ganga í slökkviliðið. Að lokum fór hann yfir útkallstíma á svæðum BÁ, flest eru útköllin á útkallssvæði 2.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Helgi Kjartansson, Gunnar Egilsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jón Bjarnason, og Ari Björn Thorarensen.

Lagt var til að fjárhagsáætlun fyrir Brunavarnir Árnessýslu 2022 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## 6. Listasafn Árnesinga – kynning á fjárhagsáætlun 2022

Kristín Scheving kom inn á fundinn.

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga frá 12. október var lögð fram til kynningar.

Kristín fór yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2022 og svaraði fyrirspurnum.

Kristín ræddi um að fyrir lægi að fara í lagfæringu á húsnæði safnsins í lok ársins. Starfsmenn safnsins eru fjórir og hafa þeir verið duglegir að kynna safnið í grunnskólum í héraðinu, ásamt því að skrá í Sarpinn og vinna ýmis störf m.a. í safnabúðinni. Ekki er selt inn á safnið, en flestir sem þangað koma kaupa eitthvað í safnabúðinni eða á kaffihúsinu. Gengið hefur vel að sækja í styrki og hefur LÁ fengið 17 millj.kr. í styrki á árinu.

Fór hún yfir þá viðburði sem hafa verið og einnig þá sem fram undan eru.

Hún sér að safnið er sannarlega að vaxa og færast upp á nýtt stig og hefur áhugi heimamann aukist, ásamt annarra Íslendinga. Einnig sér hún fyrir sér að erlendir ferðamenn eigi í auknu mæli eftir að sækja safnið heim. Safnið er líka orðið fyrirmynd annarra safna og er það ákveðin hvatning. Hún hefur einnig áhuga fyrir að vera í samstarfi við háskóla og listaháskóla erlendis frá.

Listasafnið er í samstarfi við Byggðasafnið og er unnið að því að ná enn betur til skólanna í héraðinu en verið hefur. Einnig eru söfnin í samstarfsverkefni um Ásgrím Jónsson. Útbúin hefur verið ratleikur um útilistaverk í Árnessýslu og er markmiðið að efla hann enn frekar.

Unnið er að gerð bókar vegna 60 ára afmælis safnsins árið 2023. Listasafn Árnesinga var tilnefnt til Climate Smart verðlauna í Berlín vegna sýningarinnar Norðrið, það verður spennandi að sjá hvernig það fer en vonandi verður það til þess að enn fleiri komi við á safninu.

Til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Lagt var til að fjárhagsáætlun fyrir Listasafn Árnesinga 2022 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## 7. Tónlistarskóli Árnesinga – kynning á fjárhagsáætlun 2022

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri, og Jóhann Stefánsson, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga, komu inn á fundinn.

Fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 200 frá 1. október, var lögð fram til kynningar.

Helga fór yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2022 og svaraði fyrirspurnum.

Vonast þau eftir að fjölga tónleikum á komandi vetri. Starfsemin hefur ekki verið sýnileg út á við á meðan á Covid-19 hefur staðið. Þó að fjöldi tónleika félli niður var nóg að gera í skólanum. Það var mikið um upptökur sem sendar voru til foreldra. Ákveðið var að gera rafræna jólakveðju og voru þrír nemendur sem útskrifuðust með framhaldsskólapróf sl. vor ásamt tveimur öðrum nemendum sem tóku þátt í því verkefni. Stefnt er á að gera rafræna kveðju aftur fyrir þessi jól. Það var þó nokkuð um próf í skólanum og það er mikil ásókn í Suzukinámið ásamt öðru námi.

Nemandi frá TÁ sigraði í fiðlukeppni á vegum pólska sendiráðsins á árinu. Nótan er árleg uppskeruhátíð hjá tónlistaskólum og voru þeir í samstarfi við N4 á árinu þar sem að Covid-19 setti strik í reikninginn en það ber að fagna því að hægt var að fara þá leið. Ræddi þau um tilgang tónlistariðkunar en rannsóknir sýna að tónlist hefur langvarandi góð áhrif á börn m.a. þjálfar hún tóneyra, hjálpar við lestur, eykur hjálpsemi og minnkar árásarhneigð svo eitthvað sé nefnt, einnig hefur hún góð áhrif á þjálfun þeirra sem glíma við heilasjúkdóma.

Hjá skólanum starfa 39 kennarar og eru 555 nemendur. Mismunandi er hvort nemendur eru í heilu eða hálfu námi. Þema ársins við skólann er Ást og gleði.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga 2022 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## **8. Héraðsskjalasafn Árnessýslu – kynning á fjárhagsáætlun 2022**

Þorsteinn Tryggvi Másson kom inn á fundinn.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 6. október var lögð fram til kynningar.

Þorsteinn fór yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2022 og svaraði fyrirspurnum.

Ræddi Þorsteinn um þörf á að ráða inn fjórða starfsmanninn á safnið, miðað við verkefnastöðu, það er að vísu ekki auðvelt þar sem að plássleysi er stærsta vandamál safnsins. Mikið hefur borist af skjölum sem þarf að skrá og eru skjöl nú geymd á ólíklegustu stöðum. Einnig er vöntun á húsnæði að valda því að safnið getur síður aflað frekari sértekna.

Unnið er að skýrslu rafrænna gagna fyrir sveitarfélög. Það er mikilvægt að huga að rafrænni þjónustugátt allra sveitarfélaganna. Þorsteinn telur mikilvægt að sveitarfélögin fari saman í verkefnið. Best væri að þau kæmu sér saman um sama kerfi, með því væri hægt að einfalda öll skil og einnig myndu sparast gríðarlegir fjármunir. Með tilkomu aukinnar rafrænnar þjónustu sveitarfélaga mun það breyta miklu varðandi umsóknir, umsækjandi getur þá hvenær sem er dagsins sótt um og er þá ekki háður opnunartíma, það ætti einnig að auðvelda skil til safnsins.

Það skiptir gríðarlega miklu máli að huga að húsnæðisþörf safnsins, sama hvar það

verður staðsett. Ef ekkert verður að gert er meiri hættu á að skjöl tynist og skili sér ekki til safnsins.

Til máls tóku auk formanns Ari Björn Thorarensen, Kjartan Björnsson, Gestur Þór Kristjánsson, Gunnar Egilsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Njörður Sigurðsson.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2022 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## **9. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnessýslu – staða mála**

Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga voru rædd undir liðnum hér á undan.

## **10. Almannaþing Almannaþingarfélags Árnessýslu – kynning á fjárhagsáætlun 2022**

Aldís Hafsteinsdóttir, ritari Almannaþingarfélags Árnessýslu, tók til máls.

Fundargerð almannaþingarfélags nr. 7. frá 22. mars og fundargerðir framkvæmdaráðs frá 14. maí og 13. október voru lagðar fram til kynningar.

Aldís fór yfir fjárhagsáætlun Almannaþingarfélags Árnessýslu fyrir árið 2022 og svaraði fyrirspurnum.

Einnig fór Aldís yfir samning milli Almannaþingarfélags Árnessýslu, Almannaþingarfélags Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og Sveitarfélagsins Hornafjarðar og lögreglustjórans á Suðurlandi. Miðað er við að sveitarfélögin greiði vegna stöðu verkefnastjóra almannaþingarfélags kr. 200 pr. íbúa og skal miða við íbúatölu skv. skýrslu Hagsofunnar þann 1. janúar ár hvert.

Til máls tóku auk formanns Ari Björn Thorarensen og Helgi S. Haraldsson.

Lagt var til að samningur milli Almannaþingarfélags Árnessýslu og lögreglustjórans á Suðurlandi yrði samþykktur var hann borinn undir atkvæði og samþykktur, Tómas Ellert Tómasson og Helgi Sigurður Haraldsson sátu hjá.

Einnig ræddi Aldís um velferðarverkefni sem samstarfsverkefni sveitarfélaganna utan Árborgar en Sveitarfélagið Árborg er með sér velferðarverkefni.

Lagt var til að fjárhagsáætlun Almannaþingarfélags Árnessýslu árið 2022 yrði tekin til samþykktar með áætlunum annarra stofnana síðar á fundinum. Var það samþykkt samhljóða.

## 11. Afgreiðsla fjárhagsáætlana stofnana 2022

### Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseinga 2022

Til máls tók auk formanns, Árni Eiríksson.

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árneseinga 2022 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### Fjárhagsáætlun Brunavarna Árneseýslu 2022

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi Kjartansson, Gunnar Egilsson, Ari Björn Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Tómas Ellert Tómasson, Grétar Ingi Erlendsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Gestur Þór Kristjánsson.

*Eftir umræður á fundinum um fjárhagsáætlun BÁ lagði fundurinn til að hafna óskum slökkviliðsstjóra í áætlun um að fjölga starfsmönnum Brunavarna Árneseýslu um tvo. Þess í stað var lagt til að fjölga starfsmönnum um einn frá því tímabili sem fram kemur í áætluninni.*

Fjárhagsáætlun Brunavarnar Árneseýslu 2022 var borin undir atkvæði með þeim breytingum sem lagðar voru til hér á undan.

Fjárhagsáætlun Brunavarna Árneseýslu var borin undir atkvæði og samþykkt. Eyþór H. Ólafsson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sátu hjá.

### Fjárhagsáætlun Listasafns Árneseinga 2022

Til máls tók auk formanns, Helgi S. Haraldsson.

Fjárhagsáætlun Listasafns Árneseinga 2022 var borin undir atkvæði og samþykkt.

### Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga 2022

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir og Sigurjón Vídalín Guðmundsson.

Fjárhagsáætlun Tónlistaskóla Árneseinga 2022 var borin undir atkvæði og samþykkt.

*Vakin er athygli á þar sem ekki er gert ráð fyrir launahækkunum í fjárhagsáætlun, er gert ráð fyrir að eignir í sjóði séu látnar ganga upp í þær.*

## Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2022.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson, Gunnar Egilsson, Njörður Sigurðsson, Eggert Valur Guðmundsson, Gestur Þór Kristjánsson, Grétar Ingi Erlendsson, Helgi S. Haraldsson, Árni Eiríksson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Eftir umræður var eftirfarandi bókað:

*Héraðsnefnd leggur til við stjórn Héraðsskjalasafns að fara í skoðun á rafrænum skilum og skjalavörslu á gögnum ásamt því að skoða þörf á hilluplássi í samræmi við rafræna geymslu skjala.*

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2022 var borin undir atkvæði og samþykkt.

## Fjárhagsáætlun almannavarna Árnessýlu 2022

Fjárhagsáætlun almannavarna Árnessýslu 2022 var borin undir atkvæði og samþykkt.



## 12. Héraðsnefnd Árneseinga – fjárhagsáætlun 2022

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, tók til máls og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og svaraði fyrirspurnum um áætlunina.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2022					
Samþykkt á haustfund 25. október 2021					
	Áætlun 2021	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2022	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára
<b>Tekjur:</b>					
<b>Framlög sveitarfélaga</b>	<b>174.880.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>192.250.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>9,9%</b>
Tekið af sjóði v/ endurgr. frá Framkvæmdasýslu:			-26.000.000		
vegna FSU láns hér að neðan					
<b>Samtals</b>	<b>174.880.000</b>		<b>166.250.000</b>		<b>-4,9%</b>
<b>Gjöld:</b>					
Byggðasafn Árneseinga	60.400.000	34,5%	70.400.000	36,6%	16,6%
Listasafn Árneseinga	42.000.000	24,0%	47.000.000	24,4%	11,9%
Héraðsskjalasafn Árneseinga	33.830.000	19,3%	35.000.000	18,2%	3,5%
Stjórnun, annað og ófyrirséð	5.700.000	3,3%	6.000.000	3,1%	5,3%
Lánasjóður sveitarfélaga - afborgun v/FSU láns	25.100.000	14,4%	26.000.000	13,5%	3,6%
FSU vegna FabLab vegna 2022	6.000.000	3,4%	6.000.000	3,1%	0,0%
Fastir styrkir	1.850.000	1,1%	1.850.000	1,0%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>174.880.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>192.250.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>9,9%</b>
<b>Sundurliðun:</b>					
<b>Fastir styrkir</b>					
HSK	1.250.000	0,7%	1.250.000	0,7%	0,0%
SSK	300.000	0,2%	300.000	0,2%	0,0%
Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu	300.000	0,2%	300.000	0,2%	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>1.850.000</b>	<b>1,1%</b>	<b>1.850.000</b>	<b>1,0%</b>	<b>0,0%</b>
	<b>2021</b>		<b>2021</b>		<b>Breyting á milli ára</b>
<b>Tónlistarskóli Árneseinga</b>					
Launaliður	293.002.733		328.955.350		12,3%
<b>Samtals</b>	<b>293.002.733</b>		<b>328.955.350</b>		<b>12,3%</b>
<b>Almannavarnir Árnessýslu</b>	6.022.800		6.183.000		2,7%
<b>Samtals</b>	<b>6.022.800</b>		<b>6.183.000</b>		<b>2,7%</b>
<b>Brunavarnir Árnessýslu</b>	371.616.000		405.397.000		9,1%
<b>Samtals</b>	<b>371.616.000</b>		<b>405.397.000</b>		<b>9,1%</b>

Áætlun Héraðsnefndar Árneseinga fyrir árið 2022 var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem samþykktar voru um minni fjölgun stöðugilda hjá Brunavörnum Árnessýslu.

### 13. Fjallskilasamþykkt – breyting austan vatna

Ari Björn Thorarensen tók til máls um fjallskilanevnd og lagði til og kynnti breytingar á fjallskilasamþykkt.

Formaður gaf orðið laust, enginn tók til máls.

Breyting á fjallskilasamþykkt var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### 14. Málefni Alviðru – Tillaga um skiptingu landsins og vegna Laxabakka

Smári Bergmann Kolbeinsson tók til máls um málefni Alviðru og Öndverðanes II. Fór hann yfir stöðu mála og ræddi um tillögu að uppskiptingu að svæðinu ásamt því að fara yfir drög að makaskiptasamningi.

Formaður gaf orðið laust til máls tóku Ari Björn Thorarensen, Gunnar Egilsson, Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi Kjartansson, Óttar Bragi Þráinsson og Árni Eiríksson.

Smári lagði fram eftirarandi tillögu:

#### Málefni Alviðru – Tillaga um skiptingu landsins og vegna Laxabakka

*Fyrirliggjandi samningsdrög um makaskipti á jörðunum Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnesi II í Grímsnes- og Grafningshreppi eru í samræmi við ályktun frá vorkundi Héraðsnefndar Árnesinga (HÁ) 2020. Þar var óskað eftir uppskiptingu eigna Alviðrustofnunar og fór HÁ sérstaklega fram á að Öndverðarnesi II myndi falla til HÁ. Að mati HÁ er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á fyrirliggjandi samningsdrögum í samræmi við umræður á fundinum.*

Héraðsnefnd Árnesinga samþykkir að veita framkvæmdastjórn umboð til að ljúka við samningaviðræður og undirrita samning við Landvernd um makaskipti á jörðunum Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnesi II í Grímsnes- og Grafningshreppi

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt.

#### Yfirlýsing vegna eignarhalds á Laxabakka

Eyþór H. Ólafsson og Smári Bergmann Kolbeinsson, fóru yfir stöðu málsins og yfirlýsingu um eignarhald á Laxabakka.

Formaður gaf orðið laust, til máls tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Ari Björn Thorarensen og Helgi Kjartansson.

Eftir umræður vegna eignarhalds á Laxabakka, var eftirfarandi lagt til:

Héraðsnefnd Árnesinga samþykkir að heimila stjórn Héraðsnefndar að undirrita yfirlýsingu um eignarhald á Laxabakka.

### **Yfirlýsing um eignarhald á lóð 2 í landi Öndverðarnes II landeignarnúmer L170095 – heiti Laxabakki**

#### *Inngangur*

Alviðra og Öndverðarnes II eru eign Héraðsnefndar Árnessýslu og Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, Landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands samkvæmt gjafarbréf Magnúsar bónda Jóhannessonar að Alviðru í Ölfushreppi, dags 1. febrúar 1973.

Laxabakki, er sumarbústaður og bátaskýli reist 1943 og núverandi eigandi húsakosts er Íslenski bærinn ehf. Óvissa hefur ríkt um eignarheimild á landinu þar sem ekki liggja fyrir nein skrifleg gögn þar um. Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands 5. febrúar 2021 (Mál nr. T -729/2020) Íslenska bænum í vil telja málsaðilar að forsendur séu til að ljúka málinu svo tryggja megi verndun friðlýstra menningarminja og kveða niður deilur um eignarhald.

Héraðsnefnd Árnessýslu og Landvernd leggja áherslu á að standa vörð um ákvæði gjafarbréfi Magnúsar bónda Jóhannessonar, að varðveita beri jörðina samfellda og nýta með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum.

#### *Yfirlýsing*

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, kt. 640971-0459, og Héraðsnefnd Árnesinga, kt 600289-3069, fallast á eignarhald Íslenska bæjarins ehf kt 470901-2170 á 10.000 fm lóð eins og hún er skilgreind í fasteignaskránni, hnitsett á meðfylgjandi uppdrætti og tilgreint er í afsali dags 8. júní 2018, þinglýst 30. nóv. 2018.

Tillaga um heimild stjórnar um að undirrita yfirlýsingu um eignarhald á Laxabakka var borin undir atkvæði og samþykkt, Aldís Hafsteinsdóttir og Gunnar Egilsson voru á móti.

## **15. Önnur mál**

### **Minnisblað frá Lögmönnum Suðurlandi**

Formaður tók til máls um minnisblað frá Lögmönnum Suðurlandi um stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnesinga og stofnana hennar.

Formaður gaf orðið laust. Til máls tóku Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Árni Eiríksson og Njörður Sigurðsson.

Framkvæmdastjórn er falið að fara yfir málið og leggja fyrir næsta fund fulltrúaráðs Héraðsnefndar.

## Húsnæði Héraðsskjalasafns Árnesinga

Formaður gaf orðið laust, til máls tóku Kjartan Björnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Helgi Kjartansson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

*Lagt er til að stjórn Héraðsnefndar Árnesinga fari yfir gögn sem til eru um málið og rýni þau og komi með tillögu til lausnar á húsnæðismálum Héraðsskjalasafns Árnesinga á aukafundi í janúar 2022.*

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þakkaði Eyþór héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 15:40.

Eyþór H. Ólafsson	Hveragerðisbær
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Helgi S. Haraldsson	Sveitarfélagið Árborg
Kjartan Björnsson	Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson	Sveitarfélagið Ölfus
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Bragi Þránínsson	Bláskógabyggð
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur
Gunnar Egilsson	Sveitarfélagið Árborg
Ari B. Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Eggert Valur Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Tómas Ellert Tómasson	Sveitarfélagið Árborg
Smári B. Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Njörður Sigurðsson	Hveragerðisbær
Grétar Ingi Erlendsson	Sveitarfélagið Ölfus
Jón Páll Kristófersson	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari Héraðsnefndar